

og landi, að bryggjan sé rifin. Samkvæmt þessu ber að taka til greina óbreytta kröfu stefnenda í framhaldssök.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 16666.66 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1700.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnendum, Brynjólfi Brynjólfssyni og erfingjum Bjarna Brynjólfssonar, kr. 16666.66 með 6% ársvöxtum af kr. 12000.00 frá 17. janúar 1946 til 5. október 1946 og af kr. 16666.66 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1700.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 31/1949. **Útgerðarfélag Sauðárkróks** (Theodór B. Líndal)
 gegn
Magnúsi Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson).

Krafizt greiðslu á eftirstöðvum kauptryggingar og orlofseyris háseta.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Sigurður Sigurðsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, og samdómsmennirnir Ásgrímur Einarsson skipstjóri og Sveinn Sölvason formaður.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1949, gerir þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 1030.38 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt kauptryggingar til 18. september 1948, en leitt er í ljós, að áfrýjandi gerði ekki reikningsskil fyrr en á dómþingi 14. október s. á. Þegar litið er til þessa, þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýjanda um lækkun hinnar dæmdu fjárhæðar samkvæmt 35. gr. laga nr. 7/1936. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 700 krónur í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Sauðárkróks, greiði stefnda, Magnúsi Guðmundssyni, 700 krónur í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Sauðárkróks 6. nóvember 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið 4. þ. m., hefur Magnús Guðmundsson, sjómaður í Drápuhlíð 23, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefni 30. sept. síðastl. á hendur Útgerðarfélagi Sauðárkróks á Sauðárkróki á eftirstöðvum kauptryggingar og orlofsfjár stefnanda, er var á sildveiðum á v/b Eiríki S.K. 2 á síðastliðnu sumri. Hefur stefnandi gert þær kröfur í málinu, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum lágmarkskaup og orlofsfé frá 3. júlí til 18. september þ. á., samkvæmt samningi milli stéttarféлага sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á sildveiðum, að frádrögnum fæðiskostnaði hans á v/b Eiríki og meðteknum greiðslum upp í kaupið. Er krafan samkvæmt framlögðum reikningi stefnanda brúttó kr. 4508.00, en þar frá ganga kaupgreiðslur, úttekt og matarverð, samtals kr. 2103 92, samkvæmt reikningi, er stefndi hefur lagt fram í málinu, og er frádráttarupphæð þessi samþykkt af stefnanda í málflutningnum. Verður greiðslukrafan þannig kr. 2404.08, er stefnandi krefst dóms fyrir ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins og að viðurkennt verði sjóveð í v/b Eiríki S.K. 2 fyrir kröfum hans. Loks hefur stefnandi krafizt, að viðurkenndur verði réttur hans til að fá kauptryggingu úr hendi stefnda samkvæmt framangreindum samningi um kaup og kjör á sildveiðum, dags. 1. júlí 1945, frá 18. sept. 1948 til þess dags, er stefndi greiðir honum kauptryggingar hans að fullu.

Stefndi hefur aftur á móti viðurkennt, að hann skuldi stefnanda kr. 1030.38 með 5% ársvöxtum til greiðsludags, en krafizt sýknu af kröfum stefnanda að öðru leyti og málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var skráður háseti á v/b Eirík 3. júlí, en var skráður úr skiprúmi 20. ágúst þ. á. sökum vélbilunar í bátnum. Er stefnandi var afskráður, hafði honum verið greitt lágmarkskaup samkvæmt framangreindum samningi frá 1. júlí 1945, að undanteknum framangreindum kr. 1030.38, eins og viðskiptareikningur sá, er stefndi hefur lagt fram í málinu, sýnir, en full reikningsskil af hálfu stefnda voru þá ekki tilbúin. Hafa stefnanda ekki verið gerð reikningsskil að fullu, fyrr en stefndi lagði fram viðskiptareikninginn í máli þessu 14. október síðastliðinn, er málið var þingfest.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt 9. gr. framangreinds samnings stéttarfélagi sjómanna og útgerðarmanna frá 1. júlí 1945 beri honum hið tryggða lágmarkskaup til þess dags, er honum er að fullu greitt (greiðsludags).

Stefndi hefur haldið því fram, að honum hafi ekki verið auðið að gera skipverjum á v/b Eiríki full reikningsskil og greiða þeim að fullu, þegar skráning þeirra úr skiprúmi fór fram, vegna þess að á þeim tíma hafi margir reikningar um matarúttekt skipverja og vöruúttekt, utan Sauðárkróks, enn þá verið ókomnir í hendur útgerðarinnar, enda hafi þeir ekki komið fyrr en í septemberlok. Þá hafi og greiðsla frá Sildarverksmiðjum ríkisins ekki heldur borizt útgerðinni fyrr en 6. september og greiðsla fyrir fersksild frá „Húnasild“ á Skagaströnd ekki fyrr en 25. september. Fullnaðaruppperð við skipverja á v/b Eiríki hafi því ekki getað farið fram fyrr en í byrjun októbermánaðar, enda hafi ekki verið eftir henni gengið, að því undanteknu, að Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður í Reykjavík hafi síðara hluta septembermánaðar átt samtál við sig og spurzt fyrir um, hvort ekki væri hægt að gera upp við skipverja. En stefndi kveðst hafa svarað, að hann gæti ekki ákveðið dag fullnaðaruppperðar, en hún skyldi fara fram svo fljótt, sem tók væru á. Heldur hann því fram, að uppperð, að svo miklu leyti, sem auðið var, hafi farið fram 20. ágúst s. l. og beri stefnanda ekki kaup eftir þann dag. Hefur hann skírskotað til 16. gr. margnefnds samnings þessu til styrktar. Á þessa málsútlistu stefnda verður ekki fallizt, með því að umrædd grein samningsins fjallar um greiðslu aflahlutar, en ekki kauptryggingar. Verður rétturinn að líta svo á, að fullnaðaruppperð af hálfu stefnda hefði getað farið fyrr fram en raun varð á, ef rösklega hefði verið á haldið og reikningsskilin undirbúin frá öndverðu. Verður að réttarins áliti hvorki lögð víðari né þrengri merking í orðið „uppperðardagur“ í 9. gr. margnefnds samnings en hin almenna málvenja um merkingu orðsins „uppperð“ vísar til, en það er reikningsskil og reikningsskiladagur. En hins vegar virðist regla samningsins um greiðslu lágmarkskaups til uppperðardags undantekningarlaus. Og með því að því er ekki haldið fram af stefnda hálfu, að stefnandi hafi átt sök á drætti þessum, er varð á reikningsskilunum, ber að taka framangreinda kaupgreiðslukröfu stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 2404.08 með 5% ársvöxtum til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Eiríki S.K. 2 fyrir þessum upphæðum.

Með tilvísun til þess, er að framan er greint, verður ekki fallizt á, að stefnandi eigi rétt til áframhaldandi kauptryggingar, eftir að reikningskil milli aðilja voru fram komin, og verður því krafa stefnanda um viðurkenningu á rétti til kauptryggingar til greiðsludags ekki tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af henni.

Því dæmist rétt vera :

Stefndi, Útgerðarfélag Sauðárkróks, greiði stefnandanum, Magnúsi Guðmundssyni, kr. 2404 08 með 5% ársvöxtum frá 30. september 1948 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveð í v/b Eiríki S.K. 2 fyrir framangreindum upphæðum, en stefndi á að öðru leyti að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 162/1949. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)
 gegn
Ragnari Frímann Kristjánssyni
 (Ragnar Ólafsson).

Öflun framhaldsgagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Sækjandi og verjandi máls þessa fyrir Hæstarétti hafa æskt þess sameiginlega, að ákveðið verði, að rannsókn fari fram á andlegri heilbrigði Ragnars Frímanns Kristjánssonar, áður en dómur gengur í Hæstarétti.

Eftir að dómsmálaráðuneytið hafði lagt fyrir með bréfi dags. 13. sept. 1948, að mál Ragnars Frímanns Kristjánssonar skyldi að nýju lagt undir úrskurð dómstóla samkvæmt ákvæðum 62. gr. laga nr. 19/1940, hefur ekki farið fram alhliða rannsókn sérfróðs læknis á andlegu heilsufari hans. Að vísu hefur fram komið álitserð dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis, dags. 29. maí 1949, en hún mun aðeins reist á gögnum þeim, sem fyrir lágu í málinu, en ekki rannsókn á að-